

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 6. febrúar 2018.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.05 og lauk kl. 19.25.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Magnús Gunnarsson, Þórunn Ansnes, Hörður Þorsteinsson, Viðar Halldórsson, Ingvar Kristinsson, Jóhann Óskar Borgþórsson og Sveinn Sigurbergsson.
Forföll: Ragnar Hilmarsson.

Dagskrá:

1. Tillögur stjórnar Afreksmannasjóðs ÍBH um breytingar á reglugerð Afreksmannasjóðs ÍBH frá 1. janúar 2018

Lagðar fram og samþykktar. Helstu breytingar eru þær að afreksstyrkir fullorðinna lækka úr kr. 150.000 í kr. 70.000 á verkefni og hver einstaklingur getur að hámarki sótt um þrjú verkefni á ári. Afreksstyrkir unglinga og ungmenna hækka úr kr. 60.000 á verkefni í kr. 70.000 á verkefni og hver einstaklingur getur að hámarki sótt um þrjú verkefni á ári. Afreksstyrkir EM félagsliða og allir ferðastyrkir verða óbreyttir. Líkamsræktarstyrkir fyrir unga og efnilega íþróttamenn verða lagðir af. Breytt reglugerð Afreksmannasjóðs ÍBH tók gildi frá og með 1. janúar 2018.

2. Forgangsröðun ÍBH í uppbyggingu íþróttamannvirkja

Tillaga að framkvæmdaröð verkefna lögð fram til kynningar og umræðna.

3. Ákveða dagsetningu og verkefni fyrir Fulltrúaráðsfund ÍBH í vor 2018

Samþykkt að halda fundinn laugardaginn 5. maí nk. Tillögur að verkefnum eru m.a., staða íþróttamála í Hafnarfirði, hlutverk sveitarfélaga í uppbyggingu íþróttamála þ.e. rekstur starfseminnar og uppbyggingu aðstöðunnar og öruggar íþróttir – baráttan við ofbeldi innan íþróttá.

4. Íþróttakynningar samhliða Björtum dögum í Hafnarfirði sem verða haldnir 18.04 – 22.04 2018

Samþykkt að hafa íþróttakynningar þessa fimm daga. Skipuð þriggja manna nefnd innan stjórnar ÍBH með þeim Hrafnkatli Marinóssyni, Jóhanni Óskari Borgþórssyni og Ragnari Hilmarssyni. Nefndin vinnur að íþróttakynningunum í samstarfi við aðildarfélög ÍBH og Hafnarfjarðarbæ.

5. Frístundaakstur haustið 2018

Áætlun næsta haust frá Hafnarfjarðarbæ lögð fram til kynningar. Áætlað er að aka 8 og 9 ára á æfingar sem byrja kl. 15.00, 6 og 7 ára á æfingar sem byrja kl. 16.00, foreldrar sækja börnin áfram til félaganna, fjölga stoppustöðvum, bæta við tónlistarskóla og fleiri félögum, fjölga bílum, jafnvel einn bíll á hvern skóla, áætluð flutningsgeta er u.þ.b. 600 börn eða fleiri á viku. Aðildarfélög ÍBH eru beðin um að vera í sambandi við íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar ef þau hafa athugasemdir við þessa áætlun eða vilja koma nýjum sjónarmiðum á framfæri við Hafnarfjarðarbæ.

6. Viðbragðsteymi íþróttafélaga

Lagt fram til kynningar og umræðna. Efnið tekið úr viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum sem Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands hefur gefið út og er aðgengileg á

heimasíðu ÍSÍ undir fræðsla. Þessa dagana er Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands sífellt að uppfæra efni um ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, siðareglur, viðbragðsáætlanir o.m.fl. inn á heimasíðu ÍSÍ undir fræðsla, aðildarfélög ÍBH eru hvött til að kynna sér efnið vel og aðlaga það starfi viðkomandi félags eins vel og kostur er, jafnframt óskar stjórn ÍBH eftir samtali við Hafnarfjarðarbæ um óháð fagråd fyrir íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði um mál sem koma upp innan félaganna.

7. Knattspyrnufélagið Haukar ályktun

Ályktun tengd umfjöllun sem hrint var af stað undir merkinu #metoo lögð fram til kynningar og umræðna.

8. Framlög Hafnarfjarðarbæjar til afreksskóla íþróttafélaga

Lagt fram til kynningar að þessi framlög færast með nýjum samstarfssamningi milli Hafnarfjarðarbæjar og ÍBH undir þann samning frá fræðsluráði. Samkvæmt skýrslu R3 ráðgjafar frá árinu 2015 voru engir samningar bakvið greiðslurnar og greitt samkvæmt gömlu samkomulagi við félögin að beiðni fræðsluráðs.

9. Styrkbeiðni

Hafdís Inga Helgudóttir Hinriksdóttir óskar eftir styrk frá ÍBH fyrir gistingu á ráðstefnu „safe sports“ sem haldin verður 6. og 7. apríl nk. í Madrid á Spáni. Ráðstefnan er mikilvæg í baráttunni gegn ofbeldi innan íþróttar. ÍSÍ styrkir hana um flugið og ÍBR um ráðstefnugjaldið. Stjórn ÍBH samþykkir að styrkja hana gegn því að hún haldi fyrirlestur um efni ráðstefnunnar fyrir aðildarfélög ÍBH.

10. Bréf frá ÍSÍ vegna metoo

Lagt fram til kynningar. Slagorð ÍSÍ er, „Ofbeldi verður ekki liðið“.

11. Skipurit ÍBH 2017 – 2019

Lagt fram til kynningar. Breyting frá þingi ÍBH 2017, framkvæmdastjórn ÍBH fellur niður. Ennfremur var farið yfir verkefni stjórnar ÍBH og skipað í eftirtaldar nefndir:

Nefnd um markvissa hreyfipjálfun fyrir Hafnfirðinga 65 ára og eldri

Sveinn Sigurbergsson
Viðar Halldórsson

Nefnd um kynningarmál íþróttar í Hafnarfirði

Hrafnkell Marinósson
Jóhann Óskar Borgþórsson
Ragnar Hilmarsson

Nefnd um viðbragðsteymi íþróttafélaga í Hafnarfirði

Þórunn Ansnes
Magnús Gunnarsson

Nefnd um sögu ÍBH

Hörður Þorsteinsson
Ingvar Kristinsson

12. Bréf frá starfsmanni íþróttaviðburðar

Er trúnaðarmál. Lagt fram til kynningar og umræðna. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

13. Önnur mál

Engin.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.